

Fundargerð

Föstudaginn 3. apríl 2020 var haldinn 8. fundur verkefnishóps um sveitarfélagið Suðurland.

Fundurinn var haldinn í fjarfundi í gegnum Zoom.

Fundinn sátu:

Anton Kári Halldórsson, formaður

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Björk Grétarsdóttir

Egill Sigurðsson

Einar Freyr Elínarson, ritari

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Valtýr Valtýsson

Þorbjörg Gísladóttir

Arndís Harðardóttir

Christiane L. Bahner

Sandra Brá Jóhannsdóttir

Lilja Einarsdóttir

Róbert Ragnarsson, verkefnisstjóri

Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjóri

Bjarki Guðnason í forföllum Evu

Forföll:

Páll Tómasson

Ágúst Sigurðsson

Formaður setti fund kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Samþykkt athugasemdalaust.
2. Verkefnisáætlun Sveitarfélagsins Suðurlands.
 - Tillögur að breytingum á verk- og tímaáætlun.
 - Róbert fór yfir tillögu að endurskoðaðri tímaáætlun.
 - i. Stöðumat og greiningavinna ráðgjafa haldi áfram þar til í september.
 - ii. Lagt til að vinnu starfshópa verði frestað þar til í ágúst og ljúki störfum í september.
 - iii. Íbúafundir verði í byrjun október og viðhorfskönnun stuttu seinna.
 - iv. Úrvinnsla verkefnishóps á gögnum af íbúafundum og viðhorfskönnun seinni hluta október.
 - v. Afgreiðsla sveitarstjórna áætluð í nóvember.
 - vi. Verði það samþykkt í sveitarstjórnnum ættu sameiningarkosningar að geta farið fram vorið eða haustið 2021.
 - Róbert fór yfir kostnaðaráætlun verkefnisins.

- i. Viðræður við jöfnunarsjóð hafa gefið til kynna að framlag til verkefnisins á þessu stigi geti orðið tæpar 24 milljónir. Verði haldið áfram í formlegar sameiningarviðræður má gera ráð fyrir svipaðri upphæð í þær.
 - Róbert hefur þegar sent beiðnir um gögn frá sveitarfélögunum til að geta unnið greiningu á fjarhag og stjórnsýslu, og ræddi stuttlega um önnur gögn sem þurfa að koma til svo halda megi áfram með greiningarvinnu.
 - Samþykkt að formenn viðeigandi samstarfsnefnda og byggðasamlaga taki saman nauðsynlegar upplýsingar og komi til ráðgjafa.
3. Samantekt greininga síðustu funda.
 - Jón Hrói fór yfir drög að minnisblaði þar sem farið er yfir svót greiningu fyrir svæðið, íbúðapróun sveitarfélaganna o.fl.
Samþykkt að verkefnishópurinn rýni skjalið betur og það verði rætt betur á næsta fundi.
4. Heimasíða.
 - Jón Hrói kynnti drög að vefsíðu verkefnisins. Hún verður tilbúin til birtingar á mánudaginn.
5. Næstu fundir.
 - Næsti fundur er áætlaður 17. apríl. Ákveðið að halda því opnu hvort honum yrði frestað eftir því hvert verkefnaálagið er.

Formaður sleit fundi kl. 10:20